

Fundur stjórnar ÆSKP 9. desember 2019 í Neskirkju

Mætt: Jónanna Ýr, Katrín Helga og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

Fundur hófst kl. 10.20.

Leiðtoganámskeið í janúar

Leiðtoganámskeiðið verður haldið 25. janúar.

Jónína er búin að skoða nokkra staði. Staðurinn sem að virðist henta best, bæði þegar kemur að verði og þægindum er B59 hótél nálægt Borganesi. Ákveðið var að halda námskeiðið þar.

Við ætlum að fá Sölva Tryggvason til að vera með fyrirlestur. Hugmynd um að fá Guðrúnu Karls Helgudóttir til að tala um hugleiðingargerð.

Jónína gerir drög að dagskrá. Við förum á föstudegi og komum heim á laugardegi. Við áætluðum að mæting verði í síðasta lagi kl. 18 og brottför á sama tíma á laugardegi.

Þetta verður leiðtoganámskeið og árshátíð í bland. Það verður 18 ára aldurstakmark.

Námskeiðið mun kosta 15.000 kr.

Landsmót

Ákveðin voru laun fyrir landsmótsstjóra og framkvæmdarstjóra.

Mótið kom hagstætt út, sem gefur okkur svigrúm fyrir mótið á næsta ári.

Það þarf að finna tíma fyrir Hetjudinnerinn fyrir sjálfboðaliðana. Svo þarf eitthvað að endurhugsa hetjudinnerinn. Það væri ef til vill gott að auglýsa dagsetninguna fyrir hann um leið og skráning er í sjálfboðaliðahópinn, það gæti hentað betur þeim sjálfboðaliðum sem að koma utan af landi.

Aðalfundur

Aðalfundur verður á miðvikudaginn 4. mars kl. 17 í Neskirkju.

Það þarf að hvetja fólk til að bjóða sig fram í stjórn.

Aðalfundur EF

Aðalfundur EF er 7-9. febrúar í Finnlandi og Svíþjóð.

Jónína, Jóhanna og Katrín fara.

Fundi slitið 11.55.